



## Kveðja frá forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni

Í fornum sögum íslenskum segir frá því að ungmenni stytta sér stundir vetrardægur við knattleiki á ísilögðum vötnum og flóum. Við þekkjum ekki keppnisreglurnar út í hörgul en ef til vill hefur þar verið á ferð leikur sem kalla má fjarskyldan frænda þeirrar íþróttar sem keppt er í á þessu alþjóðlega móti þar sem níu þjóðir frá öllum heimsálfum reyna með sér.

Þeir vösku sveitastrákar sem héldu frá Íslandi vestur um haf við lok 19. aldar og gerðust landnemar í Kanada höfðu með í farteskinu þjóðlegar íþróttir. Þegar fram liðu stundir fönguðu aðrar íþróttir hugann og þá einna helst íshokki sem kalla má þjóðaríþrótt Kanadamanna. Vestur-Íslendingar komu sér upp liðum í þessari íþrótt á fyrstu árum þeirrar aldar sem nú er að kveðja og runnu þau saman í íshokkifélagið Falcons, eða Fálkana árið 1908. Þetta félag náði góðum árangri á heimaslóðum í Winnipeg og á landsmælikvarða þegar það hlaut Allanbikarinn árið 1920 og varð fulltrúi Kanada á Ólympíuleikunum í Antwerpen sama ár. Þar hélt sigurganga liðsins áfram og þegar yfir lauk var þetta lið nánast alskipað Íslendingum orðið Ólympíumeistarar í íshokki.

Íslensk ungmenni þurfa nú ekki að bíða þess að viðri til skautalista. Tvær glæsilegar skautahallir hafa nú risið í Reykjavík og á Akureyri sem skjóta munu traustum stöðum undir framgöngu Íslendinga í skautaiþróttum og verða vinsæll leikvöllur almennings á öllum aldri.

Íshokki hefur því góða aðstöðu til að festast í sessi sem vinsæl íþróttagrein á Íslandi. Íshokkisamband Íslands er nýgræðingur í Alþjóðlega íshokkisambandinu, en þrátt fyrir það er sambandinu treyst til að halda viðamikil alþjóðlegt mót hér í Reykjavík.

Ég óska Íshokkisambandi Íslands til hamingju með þennan áfanga og vona að mótið verði í senn árangursríkt og skemmtilegt. Ég býð gesti frá öðrum löndum velkomna til Íslands og óska öllum keppendum heilla í góðum leik.